

398

Guðs föður dýrðar dásöm mynd



E⁵ C/E A/E C/E
 1. Guðs föð - ur dýrð - ar dá - söm mynd, dags - ins ei - líf - a heil - ög lind,
 2. Sól þinn - ar náð - ar helg og hlý heils - ar oss all - a morgn - a ný.
 3. Renn - i oss upp þín sann - leiks - sól, sigr - i hún það sem myrkr - ið ól,
 4. Morg - unn af þinn - i mis - kunn skín, myrkr - in öll sigr - ar gæsk - an þín,

E⁵ Esus4 C Am/C D⁵ E⁵
 al - heims - ins ljós og líf og von, lof sé þér, Guðs og manns - ins son.
 Hjart - að vakn - i og heils - i þér, hyll - i þitt sann - a ljós sem ber.
 lát guð - dóms - and - a geisl - ann þinn greið - a þér veg í hjört - un inn.
 lút - i vor sál - a sigr - i þeim, sjá - i og boð - i ljóss - ins heim.

5. Þú ert vor dagur, vernd og vörn,
 varðveit í trúnni öll þín börn.
 Veit oss að bera vitni þér,
 vera þér trú á jörðu hér.

6. Dagurinn fagur fari' um heim,
 finni vor sál þinn tæra hreim
 í gegnum alla hljóma hans
 með helgri þökk til skaparans.

7. Lind allrar náðar, lífsins brauð,
 líknin í hverri þraut og nauð,
 alvaldi Drottinn, einum þér
 eilíf vegsemd og lotning ber.